

Kynning á skilmerkjum STOPP/START

(Screening Tool of Older People Prescriptions)/ Screening To Alert to Right Treatment)

Ráðleggingar varðandi lyfjameðferð aldraðra

Aukaverkanir lyfja eru vaxandi lýðheilsuvandamál tengt lyfjanotkun aldraðra[1]. Fjöllum lyfjanotkun og óviðeigandi lyfjaávisanir eru þekktir áhættuþættir lyfjatengdra vandamála [2,3]. Hugtakið óviðeigandi lyfjaávisun innifelur bæði:

mögulega óviðeigandi lyf (*Potentially Inappropriate Medications: PIM's*) og **meðferð sem gæti talist gagnleg en er ekki beitt** (*Potential Prescribing Omissions: PPO's*) [4].

Árið 2003 kom saman í Evrópu, hópur sérfræðinga í lyfjameðferð aldraðra. Markmið hópsins var að útfæra ný skilmerki fyrir lyfjameðferð aldraðra.

Eftirfarandi var haft til grundvallar:

- Beina athygli að algengum og mikilvægum óviðeigandi ávísunum
- Lífeðlisfræðileg kerfi
- Beina athygli að lyfjum sem auka bylтуhættu aldraðra
- Skoða notkun ópíata hjá öldruðum
- Finna tvöfaldar ávísanir (*duplicate prescriptions*)
- Finna hugsanlega alvarlega vanmeðhöndlun
- Endurspegla viðhorf sérfræðinga í lyfjameðferð aldraðra
- Aðgengi og notkun lyfja í Evrópu

Afrakstur þessarar vinnu eru STOPP/ START skilmerkin. Þau voru fyrst birt árið 2008 [5]. Skilmerkin eru hugsuð sem leiðbeinandi fyrir lyfjameðferð fólks eldra en 65 ára. Rannsóknir hafa sýnt klínískt notagildi STOPP/START skilmerkja í að finna óviðeigandi lyfjameðferð og draga úr aukaverkunum og tengdum þáttum [6,7,8]. Einföld leit á PubMed í október 2015 gefur 92 birtar greinar um skilmerkin.

Haustið 2014 var birt endurskoðuð útgáfa þessara skilmerkja [9]. Þar er brugðist við nýjum gagnreyndum rannsóknum, nýjum lyfjum og hreinsuð út skilmerki sem ekki þóttu nægilega nákvæm eða viðeigandi. Þessi nýja útgáfa inniheldur 80 STOPP og 34 START skilmerki (m.a. leiðbeiningar varðandi bólusetningu).

Nýja útgáfa STOPP/START skilmerkja hefur verið þýdd á íslensku í tengslum við fjölsetra evrópskt rannsóknarverkefni, SENATOR, sem Landspítalinn tekur þátt í. Rannsóknin snýst um þróun og prófun á hugbúnaði sem kallast SENATOR og er ætlað að leiðbeina um bestu lyfjameðferð eða aðra kosti en lyfjameðferð hjá sjúklingum eldri en 65 ára (www.senator-project.eu). Nýju STOPP/START skilmerkin eru hluti af þessum hugbúnaði. Skilmerkin eru birt hér á síðu landlæknis.

Fyrir hönd SENATOR á Landspítala í janúar 2016:

Ólafur Samúelsson öldrunarlæknir
Ástrós Sverrisdóttir hjúkrunarfræðingur
Aðalsteinn Guðmundsson öldrunarlæknir

Heimildir:

1. Scott I, Jayathissa S. Quality of drug prescribing in older patients: is there a problem and can we improve it? Intern Med J 2010; 40: 7–18.
2. Atkin PA, Veitch PC, Veitch EM, Ogle SJ. The epidemiology of serious adverse drug reactions among the elderly. Drugs Aging 1999; 14: 141–52.
3. Onder G, van der Cammen TJ, Petrovic M, Somers A, Rajkumar C. Strategies to reduce the risk of iatrogenic illness in complex older adults. Age Ageing 2013; 42: 284–91.
4. O'Connor MN, Gallagher P, O'Mahony D. Inappropriate prescribing: criteria, detection and prevention. Drugs Aging 2012; 29: 437–52.
5. Gallagher P, Ryan C, Byrne S, Kennedy J, O'Mahony D. STOPP(Screening Tool of Older Person's Prescriptions) and START (Screening Tool to Alert doctors to Right Treatment). Consensusvalidation. Int J Clin Pharmacol Ther 2008; 46: 72–83.
6. Hamilton H, Gallagher P, Ryan C, Byrne S, O'Mahony D. Potentially inappropriate medications defined by STOPP criteria and the risk of adverse drug events in older hospitalized patients. Arch Intern Med 2011; 171: 1013–9.
7. Gallagher PF, O'Connor MN, O'Mahony D. Prevention of potentially inappropriate prescribing for elderly patients: a randomized controlled trial using STOPP/START criteria. Clin Pharmacol Ther 2011; 89: 845–54.
8. O'Connor MN. Adverse Drug Reactions in Older People During Hospitalisation: Prevalence, Risk factors and Recognition. MDthesis. University College Cork, 2013.
9. O'MAHONY D et al. STOPP/START criteria for potentially inappropriate prescribing in older people: version 2; Age and Ageing 2015; 44: 213–218.

Viðtöl og umfjöllun:

[Fjöldi sjúkdóma gerir lyfjanotkun flóknari - Landspítalinn tekur þátt í SENATOR](#)

Læknablaðið, 06. tbl. 101. árg. 2015 (<http://www.laeknabladid.is/tolublod/2015/06/nr/5529>)